

Lög félagsins og tillaga að breytingu á lögum fyrir aðalfund 30. janúar 2016

I. kafli

Nafn félagsins, tilgangur o.fl.

1. grein

Félagið heitir Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey. Aðsetur þess er í Reykjavík.

Breytingartillaga að 1. grein

Félagið heitir Siglingafélag Reykjavíkur - Brokey. Aðsetur þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er að iðka siglingaíþróttir, örva áhuga fólks á siglingum og vatnaíþróttum almennt og stuðla að bættri aðstöðu til iðkunar þeirra.

3. grein

Félagi getur hver sá orðið sem hlýtur samþykki stjórnar félagsins. Atkvæðisrétt á fundum félagsins, kjörgengi og rétt til þátttöku í keppni fyrir hönd félagsins hafa allir skráðir félagar sem greitt hafa tilskilin gjöld.

II. kafli

Deildir félagsins

4. grein

Félagið skal starfa í deildum, s.s. kjölbátadeild, seglbrettadeild, kænudeild og róðradeild.

Breytingartillaga að 4. grein

Félagið skal starfa í deildum, s.s. kjölbátadeild og kænudeild

5. grein

Deildarstjórar eru tilnefndur af hverri deild fyrir sig og staðfestir af stjórn. Sé deildarstjóri ekki tilnefndur af deild er hann skipaður af stjórn. Deildarstjórar hafa rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Sé deildarstjóri ekki tilnefndur eða skipaður fer stjórnin með hlutverk hans. Deildarfundur skal halda þegar deildarstjóri sér ástæðu til, eða ef fimm eða fleiri félagar óska þess.

Breytingartillaga að 5. grein

Deildarstjórar eru tilnefndir eða skipaðir af stjórn. Deildarstjórar hafa rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Sé deildarstjóri ekki tilnefndur eða skipaður fer stjórnin með hlutverk hans.

6. grein

Hlutverk deildarstjóra skal vera að annast daglegan rekstur deildarinnar, þ.e. halda mót, sjá um þjálfun og kennslu og annað sem lýtur að eðlilegum framgangi hennar í samráði við stjórn félagsins. Deildarstjóri skal leggja fram starfs- og rekstraráætlun fyrir stjórn til samþykktar.

7. grein

Leggist starfsemi deildar niður, renna eigur hennar til félagsins.

[Breytingartillaga að 7. grein](#)

[7. grein fellur niður samkvæmt ákvörðun ákvörðun aðalfundar 30. janúar 2016](#)

III. kafli

Aðalfundur félagsins

8. grein

Aðalfundur félagsins skal halda í janúar ár hvert og skal hann boðaður með minnst 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað. Á aðalfundi, sem og á félagsfundum, skal kjósa sérstakan fundarstjóra.

[Breytingartillaga að 8. grein](#)

Aðalfundur félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins og setur því nauðsynleg lög. Stjórn Siglingafélags Reykjavíkur - Brokeyjar fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda, setur reglur um öryggismál, keppnir og aðra þætti í starfi félagsins og framfylgir þeim. Aðalfundur félagsins skal halda í janúar ár hvert og skal hann boðaður með minnst 14 daga fyrirvara með sannalegum hætti. Aðalfundur er lögmætur ef löglega hefur verið til hans boðað. Á aðalfundi, skal kjósa sérstakan fundarstjóra.

9. grein

Dagskrá aðalfundar:

Skýrsla stjórnar félagsins og deilda.

Umræður um skýrslur.

Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram og bornir undir atkvæði.

Lagabreytingar.

Kosning stjórnar félagsins og tveggja skoðunarmanna reikninga.

Ákvörðun árgjalds.

Önnur mál.

[Breytingartillaga að 9. grein](#)

[Dagskrá aðalfundar:](#)

- [1. Setning aðalfundar og kosning fundarstjóra og fundarritara.](#)
- [2. Skýrsla stjórnar lögð fram.](#)
- [3. Skýrslur nefnda lagðar fram.](#)
- [4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram og útskýrðir.](#)
- [5. Umræða um skýrslu stjórnar, nefnda og reikninga.](#)
- [6. Reikningar bornir upp til samþykktar.](#)
- [7. Lagðar fram tillögur að lagabreytingum og bornar undir atkvæði.](#)

8. Kosning formanns
9. Kosning fjögurra meðstjórnenda og tveggja varamanna sem skipta með sér verkum í samræmi við 10. grein.
10. Kosning tveggja skoðunarmanna.
11. Ákvörðun félagsgjalda.
12. Önnur mál.
13. Fundarslit.

10. grein

Stjórn félagsins skipa formaður, sem kosinn er sérstaklega, og fjórir stjórnarmenn sem skipta með sér verkum, auk tveggja varamanna. Forfallist formaður velur stjórnin staðgengil hans úr sínum röðum.

11. grein

Reikningar félagsins miðast við áramót.

12. grein

Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist til stjórnar eigi síðar en viku fyrir aðalfund. Þær öðlast gildi ef þær eru samþykktar með 2/3 greiddra atkvæða. Auðir og ógildir seðlar teljast ekki með.

13. grein

Atkvæði á aðalfundi skal greiða með handauppréttingu nema einn eða fleiri félagar æski leynilegrar atkvæðagreiðslu.

IV. kafli

Starfsemi félagsins

14. grein

Stjórn félagsins fer með æðsta vald í málum félagsins milli aðalfunda. Falli atkvæði jafnt innan stjórnar félagsins, ræður atkvæði formanns.

15. grein

Undirskrift að minnsta kosti tveggja stjórnarmanna þarf til þess að skuldbinda félagið. Óheimilt er að veðsetja eigur félagsins nema með samþykki meirihluta stjórnar félagsins og allar meiriháttar framkvæmdir á vegum deilda skulu samþykktar af stjórn félagsins.

16. grein

Stjórn félagsins skal setja reglur um starf og eigur félagsins. Sérstakar reglur skal setja ef fleiri en ein deild nýtir sömu aðstöðu.

17. grein

Almennan félagsfund skal halda þegar stjórnin sér ástæðu til eða ef minnst 10 félagsmenn óska þess með skriflegri áskorun til stjórnar.

18. grein

Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í atkvæðagreiðslu á aðalfundi og félagsfundum, nema við lagabreytingar, en þá þarf 2/3 atkvæða.

V. kafli

Ýmis ákvæði

19. grein

Félagar skuldbinda sig til þess að hlíta lögum og reglum félagsins, annars hafa þeir fyrirgert rétti sínum. Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagi úr félaginu, enda sé brottvikningin studd rökum. Félagi, sem þannig er víkið úr félaginu, getur krafist þess að stjórnin kalli saman félagsfund þar sem mál hans verði rætt.

Breytingartillaga að 19. grein

Félagar skuldbinda sig til þess að hlíta lögum og reglum félagsins. Stjórn félagsins getur sett félagi sem gerast sekir um vítavert hátterni í fyrirvaralaust æfinga-, keppnisbann á vegum félagsins. Stjórn félagsins er heimilt að víkja félagi úr félaginu, enda sé brottvikningin studd rökum. Félagi, sem þannig er víkið úr félaginu, getur krafist þess að stjórnin kalli saman félagsfund þar sem mál hans verði rætt.

20. grein

Á aðalfundi má kjósa félaginu heiðursformann ef 2/3 viðstaddra félagsmanna samþykkja kjörið. Heiðursformaður skal hafa starfað í þágu félagsins um langan tíma og njóta almennrar virðingar félagsmanna fyrir störf sín. Stjórn félagsins getur falið heiðursformanni trúnaðarstörf í þágu félagsins. Heiðursformaður greiðir ekki félagsgjöld, en nýtur allra réttinda sem félagsmenn njóta.

21. grein

Stjórn félagsins getur útnefnt heiðursfélagi á aðalfundi eða sérstökum félagsfundi í viðurkenningarskyni fyrir störf í þágu siglingaíþróttarinnar. Heiðursfélagi greiðir ekki félagsgjöld en nýtur allra réttinda sem félagsmenn njóta.

22. grein

Félagi hefur fyrirgert rétti sínum keppi hann fyrir annað siglingafélag án leyfis stjórnar. Félagi getur ekki skipt um félag nema með samþykki stjórnar. Stjórnin skal þó ekki synja um félagaskipti nema með gildum rökum.

23. grein

Leysist félagið upp af einhverjum ástæðum, skal eigum þess komið til varðveislu hjá Íþróttabandalagi Reykjavíkur.

Breytingartillaga að 23. grein

Tillögur um að leggja félagið niður má aðeins taka fyrir á lögsmætum aðalfundi. Til þess að samþykkja þá tillögu, þarf minnst ¼ hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera grein fyrir henni í fundargerð aðalfundar og tillaga lätin ganga til næsta auka aðalfundar sem stjórn félagsins skal boða til með lögsmætum hætti. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja

félagið niður. Sé félagið þannig löglega lagður niður skulu eignir þess renna til Íþróttabandalags Reykjavíkur.

24. grein

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á aðalfundi 9. mars 1996

Breytt á aðalfundi 11. mars 2002

Breytt á aðalfundi 13. febrúar 2003

Breytt á aðalfundi 16. febrúar 2006

Breytt á aðalfundi 13. nóvember 2008

Breytt á aðalfundi 30. janúar 2016